

Minnisblað

Til: Fræðslunefndar
Frá: Margræti Halldórsdóttur, sviðsstjóra skóla- og tómstundasviðs
Dags: 28. febrúar 2018
Mnr. 2017120066



ÍSAFJARÐARBÆR

Fjöldi nemenda á hvern kennara í leikskólum

Á fundi bæjarstjórnar þann 1. febrúar voru lögð fram drög að reiknilíkani fyrir leikskólana, en jafnframt var óskað eftir endurskoðun á fjölda barna á hvern starfsmann í leikskóla.

Bæjarstjórn bókaði eftirfarandi: „*Bæjarstjórn samþykkir framlagt reiknilíkan en vísar endurskoðun á fjölda barna á starfsmann til frekari úrvinnslu í fræðslunefnd*“.

Tillaga skólastjórnenda eru að fækka börnum á hvern starfsmann þannig að það verði eftirfarandi:

- 1-2 ára: 3 nemendur á kennara
- 2-3 ára: 4 nemendur á kennara
- 3-4 ára: 5 nemendur á kennara
- 4-5 ára: 6 nemendur á kennara
- 5-6 ára: 8 nemendur á kennara

Skólastjóri stærsta leikskóla sveitarfélagsins óskar einnig eftir því að skoðað verði að fækka börnum á hverri deild og verði hámarksfjöldi eftirfarandi:

- 1-2 ára: Að hámarki 12 börn
- 2-3 ára: Að hámarki 14 -16 börn
- 3-4 ára: Að hámarki 16-18 börn
- 4-5 ára: Að hámarki 20-22 börn
- 5-6 ára: Að hámarki 22-25 börn

Á fundi fræðslunefndar þann 4. janúar 2018 var lagt fram minnisblað sviðsstjóra skóla- og tómstundasviðs er varðar nýtt reiknilíkan fyrir leikskólana í Ísafjarðarbæ. Nefndin bókaði: „*Lagt fram til kynningar, áframhaldandi vinna og útfærsla verður unnin*.“ Sviðsstjóra var falið að skoða kostnaðaraukningu ef börnum verði fækkað á hvert stöðugildi starfsmanna og skoða hvað önnur sveitarfélög eru að miða við.

Í útreikning sem lagður var fyrir fund fræðslunefndar 18. janúar kom fram að á leikskólanum Sólborg yrði aukning um 4 stöðugildi ef farið yrði að öllu að tillögum skólastjórnenda. Kostnaður við hvert stöðugildi fer eftir menntun starfsmanns. Ef miðað er við 5 - 7 milljónir væri kostnaður við leikskólann Sólborg 20 - 28 milljónir á ári. Á minni leikskólanum má gera ráð fyrir aukningu upp á eitt stöðugildi +/- 0,2 eða kostnaðaraukning upp á 3,2 - 7 milljónir á hvern leikskóla. Möguleiki er á að stíga skrefið ekki alveg til fulls og ákveða að fækka börnum á starfsmann í ákveðnum aldurshópum.

Verði niðurstaðan sú að fækka börnum á hvert stöðugildi mun það hafa einhver áhrif á samning okkar við Hjallastefnuna vegna leikskólans Eyrarskjóls, nema ef breyting verður á fjölda 5-6 ára barna á hvern kennara.

Sviðsstjóri hefur spurst fyrir í nokkrum sveitarfélögum hvaða viðmið um barnafjölda er verið að nota og eru flest að miða við gömlu barngildin eins og ný samþykkt líkan gerir ráð fyrir. Einhver sveitarfélög eru að skoða breytingar á umhverfi leikskólabarna, bæði mönnun og fjölda barna á deild.

MH